

*XII. VIÐAUKI***FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR**

Skrá sem kveðið er á um í 40. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðin sem vísað er til í þessum viðauka felur í sér hugtök eða vísar til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur Bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsorð,
- viðtakendur gerða Bandalagsins,
- tilvísanir til yfirlýðingavæða eða tungumála EB,
- tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum, og
- tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar,

gildir bókun 1 um altæka aðlögun nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUNARTÍMABIL {¹}

Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við lögina frá 16. apríl 2003 um aðild Tékklands (2. kafli V. viðauka), Eistlands (3. kafli VI. viðauka), Kýpur (3. kafli VII. viðauka), Lettlands (3. kafli VIII. viðauka), Litháens (4. kafli IX. viðauka), Ungverjalands (3. kafli X. viðauka), Póllands (4. kafli XII. viðauka), Slóveníu (4. kafli XIII. viðauka) og Slóvakíu (3. kafli XIV. viðauka), gildir.

{²} Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við aðildarlögin frá 25. apríl 2005 um aðild Búlgaríu (3. kafli VI. viðauka) og Rúmeníu (3. kafli VII. viðauka), gildir.

{³} Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lögina frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (3. kafli V. viðauka), skal gilda.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM {⁴}

Fyrirkomulagið í bókun nr. 6 við aðildarlögin frá 16. apríl 2003 um kaup á aukahúsnæði á Möltu gildir.

GERÐ SEM VÍSAÐ ER TIL

{¹} Fyrirsögninni og textanum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.

{²} Textanum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2007 (Stjtið. ESB L 221, 25.8.2007 og EES-viðbætur nr. 39, 26.7.2008), gildir til bráðabirgða frá og með 1.8.2007, gildistaka 9.11.2011. Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ voru síðar felld brott með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.

{³} Málsliðnum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.

{⁴} Fyrirsögninni og textanum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.

1. **388L0361** - Tilskipun ráðsins 88/361/EBE frá 24. júní 1988 um framkvæmd 67. greinar sáttmálsans (Stjttð. EB nr. L 178, 8.7.1988, bls. 5).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-ríkin skulu tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um ráðstafanirnar sem um getur í 2. gr. tilskipunarinnar. Bandalagið skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um ráðstafanir sem aðildarríki þess gera. Upplýsingaskipti um slíkar ráðstafanir skulu fara fram innan sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- b) Þegar ráðstöfunum sem um getur í 3. gr. tilskipunarinnar er beitt skulu EFTA-ríkin fylgja þeirri málsmeðferð sem sett er fram í bókun 18. Í samvinnu milli samningsaðilanna gilda hinar sameiginlegu reglur sem settar eru fram í 45. gr. samningsins.
- c) Ákvarðanir sem Bandalagið kann að taka í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar skulu ekki háðar reglum 2. kafla í VII. hluta samningsins. Bandalagið skal láta aðra samningsaðila vita um slíkar ákvarðanir. Heimilt er að viðhalda þeim takmörkunum sem lengingu aðlögunartímabila eru sett fyrir innan ramma samningsins með sömu skilmálum og innan Bandalagsins.
- d) EFTA-ríkjunum er heimilt að halda áfram að beita innanlandslöggjöf er gildir um eignarrétt erlendra aðila, og/eða eignir sem eru í eigu erlendra aðila, þegar EES-samningurinn öðlast gildi en samkvæmt settum tímamörkunum og innan eftirtalinna svæða:
 - Til 1. janúar 1995 á Íslandi að því er varðar skammtíma fjármagnsflutningana sem um getur í II. viðauka tilskipunarinnar;
 - Til 1. janúar 1995 í Noregi að því er varðar kaup á innlendum verðbréfum og inntöku innlendra verðbréfa á erlenda fjármagnsmarkaði;
 - Til 1. janúar 1995 í Noregi og til 1. janúar 1996 á ^{5} Íslandi og Til 1. janúar 1997 í Liechtenstein ^{6} að því er varðar beinar fjárfestingar á innlendu yfirráðasvæði. Sameiginlega EES-nefndin skal að því er varðar Liechtenstein endurmeta stöðuna við lok aðlögunartímabilsins ^{7};
 - []^{8}
 - Til 1. janúar 1995 í Noregi, til 1. janúar 1996 á ^{9} Íslandi og fram til 1. janúar 1999 ^{10} í Liechtenstein [] ^{11} að því er varðar fjárfestingar í fasteignum á innlendu yfirráðasvæði. Sameiginlega EES-nefndin skal endurmeta stöðuna við lok aðlögunartímabilsins að því er varðar Liechtenstein ^{12};
 - [] ^{13}
- e) Á meðan á aðlögunartímabilum stendur skulu EFTA-ríkin ekki meðhöndla nýjar fjárfestingar og fjárfestingar félag eða ríkisborgara EB-aðildarríkja eða annarra EFTA-ríkja sem þegar eru fyrir hendi á óhagstæðari hátt en gert er samkvæmt þeirri löggjöf er gildir við undirritun samningsins, þetta gildir án þess að það hafi áhrif á rétt EFTA-ríkja til að koma á löggjöf sem er í samræmi við samninginn og sérstaklega ákvæði er varða kaup á íbúðarhúsnæði, sem notað er hluta úr ári, er samsvara í raun löggjöf sem hefur verið við lýði innan Bandalagsins í samræmi við 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

^{5} Orðin „og Svíþjóð“ og „Finlandi“ voru felld brott með ákvörðun nr. 43/2005 (Stjttð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26), gildistaka 12.3.2005.

^{6} Orðunum „til 1. janúar 1997 í“ var bætt við með ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95.

^{7} Málsliðnum var bætt við með ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95.

^{8} Undirliðurinn var felldur brott með bókuninni um breytingu.

^{9} Orðin „Austurríki, Finnlandi“ voru felld brott með ákvörðun nr. 43/2005 (Stjttð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26), gildistaka 12.3.2005.

^{10} Þessi dagsetning, sem var innleidd með ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95, kemur í stað fyrri dagsetningar.

^{11} Orðin „og Sviss“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{12} Málsliðnum var bætt við með ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95.

^{13} Undirliðurinn var felldur brott með ákvörðun nr. 43/2005 (Stjttð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26), gildistaka 12.3.2005.

f) Tilvísunin í inngangshluta I. viðauka tilskipunarinnar til 3. mgr. 68. gr. sáttmálans telst vera til 2. mgr. 42. gr. sammingsins.

g) Þrátt fyrir 40. gr. sammingsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun sammingsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

h) Þrátt fyrir 40. gr. sammingsins og ákvæði þessa viðauka er Noregi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun sammingsins um eignarhald erlendra aðila á fiskiskipum.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu á landi eða í félögum sem tengjast fiskveiðum aðeins óbeint. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum til að losa sig við fjárfestingar í fiskiskipum.

2.^{14} **32011L0007** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (Stjtið. ESB L 148, 23.2.2011, bls. 1).

3.^{15} **32009R0924** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 frá 16. september 2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 (Stjtið. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 11), eins og henni var breytt með:

- **32012R0260** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 12. mgr. 2. gr. hljóði svo:

„Örfyrirtæki“: fyrirtæki sem við gerð greiðsluþjónustusamnings er aðili sem stundar atvinnustarfsemi, óháð því hvert rekstrarform þess er að lögum. Þetta tekur einkum til sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldufyrirtækja sem fást við handverk eða aðra starfsemi og sameignarfélag eða samtaka sem stunda atvinnustarfsemi að staðaldri. Flokkur örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja nær til fyrirtækja sem hafa færri en 250 starfsmenn og ársvelta fer ekki yfir 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 43 milljónir evra. Innan flokks lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru örfyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 2 milljónir evra.“

^{14} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 48/2003 (Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 37, bls. 14), gildistaka 1.2.2004. Texta 2. liðar (tilskipun 2000/35/EB) var skipt út frá 16.3.2013 með ákvörðun nr. 55/2012 (Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 43, 2.8.2012, bls. 43), gildistaka 1.5.2013.

^{15} Texta 3. liðar (reglugerð (EB) nr. 2560/2001) var bætt við með ákvörðun nr. 154/2003 (Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 47 og EES-viðbætur nr. 7, 12.2.2004, bls. 34), gildistaka 1.8.2004. Var síðar feldur brott með ákvörðun nr. 86/2013 (Stjtið. ESB L 291, 31.10.2013, bls. 51 og EES-viðbætur nr. 61, 31.10.2013, bls. 58), gildistaka 1.8.2014.

3a.{16} **32012R0260** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjttíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22), eins og henni var breytt með:

-{17} **32014R0248** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 248/2014 frá 26. febrúar 2014. (Stjttíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 23. mgr. 2. gr. hljóði svo:

„Örfyrirtæki“: fyrirtæki sem við gerð greiðsluþjónustusamnings er aðili sem stundar atvinnustarfsemi, óháð því hvert rekstrarform þess er að lögum. Þetta tekur einkum til sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldufyrirtækja sem fást við handverk eða aðra starfsemi og sameignarfélag eða samstaka sem stunda atvinnustarfsemi að staðaldri. Flokkur örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja nær til fyrirtækja sem hafa færri en 250 starfsmenn og ársvelta fer ekki yfir 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 43 milljónir evra. Innan flokks lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru örfyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 2 milljónir evra.“

4.{18} **32002L0047** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (Stjttíð. ESB L 168, 27.6.2002, bls. 43), eins og henni var breytt með:

-{19} **32009L0044** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 (Stjttíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37),

-{20} **32014L0059** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014. (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðin „í skilningi 1. gr. og 2. og 3. mgr. 2. gr. viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum“ í c-lið í 4. mgr. 1. gr. gilda ekki.

{16} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 86/2013 (Stjttíð. ESB L 291, 31.10.2013, bls. 51 og EES-viðbætur nr. 61, 31.10.2013, bls. 58), gildistaka 1.8.2014.

{17} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 283/2014 (Stjttíð. ESB L 311, 26.11.2015, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 71, 26.11.2015, bls. 35), gildistaka 1.9.2015.

{18} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 106/2004 (Stjttíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 65, 23.12.2004, bls. 26), gildistaka 1.9.2005.

{19} Undirliðnum, aðlögunartextanum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 50/2010 (Stjttíð. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 18 og EES-viðbætur nr. 37, 15.7.2010, bls. 23), gildistaka 1.2.2012.

{20} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 21/2018 (Stjttíð. ESB L 323, 12.12.2019, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 98, 12.12.2019, bls. 38), gildistaka 1.1.2020.